

Grindavíkurvegur, saga og minjar

Ómar Smári Ármannsson

Leitað verður heimilda og skrifa um fornar götur almennt hér á landi, fjallað um vörður, forsögu vegaumbóta og þróun samgöngumála með áherslu á elstu Grindavíkurleiðarnar. Minjunum, þ.e. götunum sjálfum verður lýst sem og vörðum, skjólum o.fl., sem þeim tengjast. Göturnar voru hnitsettar og þær tilgreindar. Umfjöllun er um mismunandi aldur þeirra að teknu tilliti til heillegleika, staðsetningar og lögunar sem og vísan til ákvæða gildandi tilskipana, reglna og laga er höfðu áhrif á gerð þeirra á hverjum tíma. Stundum er hægt að sjá, út frá vegunum sjálfum, hversu gamlir þeir kunna að vera. Þá verður getið sagna, sem tengjast umferð um vegina og stöðum í nálægð þeirra. Að lokum verða tekin nokkur dæmi um hvaða áhrif úrbætur í vegagerð að teknu tilliti til aðstæðna geta og haft áhrif á fólkið og samfélagið.

Án efa hefur fyrsti ruddi vegurinn til Grindavíkur, vagnvegurinn; „gamli“ Grindavíkurvegurinn“, yfir hraunið milli Vogastapa og Grindavíkur á árunum 1914-1918, auðveldað samgöngumáta byggðalagsins til mikilla muna frá því sem áður hafði verið, allt frá fyrstu tíð. Grindvíkingar höfðu fram að þeim tíma þurft að bera byrgðar sínar á bakinu eða flytja þær á klökkum hesta. Þótt líftími vagnvegarins yrði ekki langur, eða u.þ.b. 12-15 ár, varð hann til þess að breyta bæði hugmyndum og áhuga Grindvíkinga til samgöngumála til lengri framtíðar. Með framkvæmdinni, sem Grindvíkingar tóku þátt í að kosta að hluta, upplifðu þeir einnig þá staðreynd að hugmyndir þeirra gátu auðveldlega orðið að veruleika, hversu stórbrotnar sem þær þættu. Og „nýi“ Grindavíkurvegurinn, sem byggður var í vegstæði gamla vagnvegarins að mestum hluta, er í dag einn sá besti á landinu. En við gerð nýrra vega ber að gæta að mörgu, ekki síst þeim eldri, þ.e. fornleifunum.